

Nd.

432. Nefndarállt

um frumv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur, að þetta mál geti haft mikla þýðingu fyrir laxveiðihlunnindi manna eystra, ef það nær fram að ganga, og vill fyrir sitt leyti mæla með framgangi þess. Þar sem fyrirsjáanlega verður mikill kostnaður við útrýmingu selsins, þykir nefndinni rjettmætt, að ljett verði undir með þeim, er bætur eiga að greiða fyrir afnám selalátranna, en miklar líkur benda á það, að þesskonar bætur þurfi ekki að greiða nema stutta stund og verði alltaf fremur lítil upphæð, sem til þess fer. Frumv. gerir ráð fyrir, að þessar bætur hverfi, þegar laxveiði á þessum jörðum eykst, og getur vart hjá því farið, að það verði bráðlega. Nefndinni þykir þó tryggilegar frá frumv. gengið með því að breyta frumv. eins og hún leggur til, og mælir því með samþykkt þess með svo felðum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.

- a. Fyrir »Ölfusá« í öðrum málslið komi: Ölfusá (Hvítá) og á þeim, er í hana renna.

- b. Á eftir sama málslið komi nýr málsliður: Minni ársveiði en 50 laxar koma þó ekki til greina í þessu efni.
2. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 6. mars 1928.

Lárus Helgason,	Jörundur Brynjólfsson,	Jón Ólafsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Bernharð Stefánsson,	Einar Jónsson.	
með fyrirvara.		